



**Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn þriðjud. 20. október 2015 kl. 16:00**

Dagskrá:

1. Staða mála.
2. Starfs- og fjárhagsáætlun 2016.
3. Önnur mál.

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Valgarð Hilmarrsson, Berglind Björnsdóttir, Erla Ísafold Sigurðardóttir, Katharina Schneider og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Arnar skýrði frá fundi sem hann og Katharina áttu með Þórarni hjá Menntamálaráðuneytinu þar sem farið var yfir starfsemina og rætt um framtíðina. Beiðni um aukið fé var beint til norðvesturnefndar vegna nýrra verkefna og er verið að skoða það. Fjárhagsstaða Þekkingarsetursins er sterk. Katharina skýrði frá gangi verkefnaáætlunar fyrir 2015, sem hefur gengið eftir eins og fyrir var hugað: Áframhaldandi rannsóknarvinna sérfræðinga á sviði laxfiska og strandmenningar í samstarfi við Háskólann á Hólum, efling menntunar, verkefni í nærsamfélaginu, verkefni á sviði textíls, samstarfsverkefni og önnur starfsemi. Katharina skýrði frá því að launahækkanir tóku gildi í mars og verður það til hækkunar á launalið árið 2015 og ennfrekar árið 2016. Útlit er fyrir að tekjur verði 2 milljón kr. lægri en áætlað var árið 2015. Katharina kynnti skýrslu sem gerð var um ástand og nauðsynlegar endurbætur sem gera þarf á vefstólum Kvennaskólans.
2. Katharina fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Ákveðið var að taka 500 kr. fyrir hvert fjarpróf sem Þekkingarsetrið sér um frá og með áramótum.
3. Melody verður einn mánuð í haust til ráðgjafar varðandi uppbyggingu náms. Nemar frá Listaháskólanum koma í nóvember en það er árlegt. Bréf hefur verið sent Húnavatnshreppi og Blönduósbæ um greiðslur vegna fjarnámsaðstöðu. Rætt var um ógreidd stofnframlög en tveir stofnaðilar hafa ekki greitt þau ennþá.

Fleira ekki gert, fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:50 .

Þóra Sverrisdóttir

*Þóra Sverrisdóttir*

*Arnar Þór Sævarsson*